



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

Framkvæmdasjóður ferðamannaáða

Ársfundur Ust, náttúruverndarnefnda
sveitarfélaga og forstöðumanna
náttúrustofa

Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfismála, Ferðamálastofu





Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

- Lög nr. 75/2011.
- Fyrsta úthlutun 2012.
- Sjóður með áherslu á framkvæmdir.

Hvað styrkir Framkvæmdasjóðurinn?

- Lög nr 75/2011, 1 gr.:

Með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skal stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skal varið til:

1. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
2. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða



Framkvæmdasjóðurinn styrkir

Framkvæmdir opinberra aðila á ferðamannstöðum sem:

- a) Stuðla að náttúruvernd
- b) Auka öryggi ferðamanna
- c) Bæta úr skorti á nauðsynlegum innviðum
- d) Framkvæmdum sem búa til nýja ferðamannasegla/staði á „köldum“ svæðum eða árstímum
- e) Undirbúning og hönnun fyrir ofangreint



- Framkvæmdir einkaðaila sem:

- A) Stuðla að náttúruvernd

- B) Stuðla að öryggi ferðamanna

- c) Undirbúning og hönnun fyrir ofangreint

Framkvæmdasjóðurinn styrkir ekki

- Rekstrarkostnað
- Launakostnað fastráðinna starfsmanna (getur hinsvegar verið mótframlag)



Ofangreint hefur
ekki breyst !

En....

- Starfshættir stjórnar
sjóðsins þróast
 - Ný og endurbætt reglugerð
um starfsreglur
Framkvæmdasjóðs
ferðamannastaða vegna
styrkveitinga
 - Nýtt umsóknareyðublað og
gæðamat





Ný reglugerð í janúar 2016

Helstu breytingar:

- Mótframlag lækkað
- Áfangaskiptingu verkefna komið á, til að tryggja
 - a) betra flæði framkvæmda
 - b) jafnara sjóðstreymi (fleiri skýrslur og fleiri greiðslur)



Reglugerðin endurbætt í september 2016

Helstu breytingar:

- Áfangaskiptingu verkefna breytt. Skv. 13 gr. er greitt 30% styrks við undirritun, 30% við skil framvinduskýrslu hálfnaðs verks og 40% við skil lokaskýrslu. Eða 30/70 án framvinduskýrslu (styrkir undir 6 milljónum)



Nýtt gæðamat og umsóknareyðublað

- Nýja gæðamatið endurspeglar þróun í starfi stjórnar og sjóðsins
- Gætir betur að markmiðum laganna
- Umsóknareyðublaðið er hannað með nýtt gæðamat í huga



málsnúmer xx - matsblað umhverfisstjóra við yfirferð styrkumsókna

Er verkefnið styrkhæft ,skv. 1.gr laga nr. 75/2011 ?

Er verkefnið á ferðamannastað eða leiðir það til þess að staðurinn verði að ferðamannastað?

1. Uppbygging, viðhald og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
 2. Framkvæmdir sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.
 3. Nauðsynleg undirbúnings- og hönnunarvinna vegna framkvæmda skv. a og b
- ATH: verkefni einkaaðila sem hvorki tengjast náttúruvernd eða öryggi eru ekki styrkhæf (t.d salerni)

Í hvað flokk fellur verkefnið skv. 7 gr. reglugerðar nr. 20 2016?

- a) Undirbúning:** Skipulagsáætlanir s.s. deiliskipulag, umhverfisskipulag og önnur skipulagsvinna
- b) Hönnun** mannvirkja, ferðamannastaða, -leiða, skilta og annars sem til þarf til að tryggja aðgengi og öryggi ferðamanna og/eða verndun náttúrunnar.
- c) Framkvæmd:** Varanleg mannvirkjagerð eða endurbætur mannvirkja og uppsetning skilta og annarra merkinga. Til þessa flokks verkefna teljast m.a. ferðamannaleiðir og áningarstaðir, en einnig aðgerðir til endurheimtar náttúrugæða s.s. uppgræðsla og aflagning hentisstíga. (miðað við breytta reglug.)

Fylgja umsókn nauðsynleg gögn skv. 9. gr. Reglugerðar nr. 20 2016?

Fylgdu fullnægjandi og viðeigandi gögn umsókninni, ss. Kostnaðráráætlun, deiliskipulag, framkv.leyfi, samþ. landeigenda og skipulagsyfirvalda, o.s.frv.

Gæðamat skv. 10. gr. reglugerðar nr. 20 2016: 0 - 70 stig. Sjá nánar í viðmiðum stigagjafar.

Forgangur vegna náttúruverndar: Verkefni hefur engin áhrif á náttúru = 0 stig. Verkefni kemur í veg fyrir stórfelldar og óafturkræfar skemmdir á náttúrunni = 20 stig

20

Forgangur vegna öryggis ferðamanna: verkefni hefur enginn áhrif á öryggi= 0 stig. Verkefni kemur mjög líklega í veg fyrir mjög alvarleg slys = 20 stig

20

Annar forgangur vegna innviða: Nýr segull sem dreifir ferðamannafjölda á fleiri svæði og árstíðir, svæði skortir viðkomandi grunnþjónustu og aðrir þættir. 0-15 stig

15

Sjálfbærni: Verkefnið hefur tengsl við heildræna stefnumótun með langtíamarkmið að leiðarljósi. Áhersla er lögð á heildaryfirbragð og staðarvitund, virðingu fyrir náttúruinjum, menningu og sögu, vistvæna hönnun og vistvæn byggingarefni. Verkefnið, aðilin, eða svæðið búa yfir umhverfisvottun/flokkun og/eða viðurkenndu gæðatjónunarkerfi 0-15 Stig

15

Heildareinkunn: 0-15 stig = *uppfylla ekki kröfur*, 15-30 stig = *gott verkefni*, 30-50 stig = *mjög gott verkefni*, 50-70 stig = *afburða gott verkefni*.

70

Stutt lýsing verkefnis:



Takk fyrir

